



FJÓÐARÖRYGGISRÁÐ

Tengiliðahópur þjóðaöryggisráðs

Minnisblað til upplýsinga

Í apríl sl. var gengið frá skipun tengiliða ráðuneyta, stofnana og opinberra hlutafélaga í tengiliðahóp þjóðaröryggisráðs.

Skipan tengiliðahópsins miðar að því að koma á skipulagi sem stuðlar að skilvirku og traustu samráði og samstarfi innan stjórnarsýslunnar um þjóðaröryggismál og framkvæmd sbr. 2. mgr. 8. gr. laga um þjóðaröryggisráð: „Þjóðaröryggisráð getur kallað eftir skýrslum eða gögnum um atriði er varða þjóðaröryggi frá ráðuneytum, opinberum stofnunum eða opinberum hlutafélögum. Ráðuneyti, opinber stofnun eða opinbert hlutafélag skal tilkynna þjóðaröryggisráði án undandráttar um nýjar upplýsingar eða annað sem kann að varða þjóðaröryggisstefnuna eða öryggi ríkisins og almennings.“

Til þess að ráðið geti sinnt verkefnum sínum á ábyrgan hátt er sérstaklega mikilvægt að það hafi ávallt nýjar og réttar upplýsingar um stöðu mála.

Lögbundnar skyldur ráðuneyta, stofnana og opinberra hlutafélaga gagnvart þjóðaröryggisráði eru því

- að skila skýrslum eða gögnum um atriði er varða þjóðaröryggi
- að tilkynna nýjar upplýsingar eða annað sem kann að varða þjóðaröryggisstefnuna eða öryggi ríkisins og almennings.

Hlutverk tengiliða ráðuneyta stofnana eða opinberra hlutafélaga gagnvart þjóðaröryggisráði er að greiða fyrir upplýsingagjöf og skýrslugjöf til þjóðaröryggisráðs í samræmi við framangreint lagaákvæði og að vera til samráðs og ráðgjafar eftir þörfum vegna undirbúnings funda þjóðaröryggisráðs og móttunar og framkvæmdar verkefna þjóðaröryggisráðs.

37 tengiliðir hafa verið tilnefndir af hálfu ráðuneyta, stofnana og opinberra hlutafélaga sjá fylgiskjal.

Ritari þjóðaröryggisráðs annast samskipti við tengiliði ráðuneyta, stofnana og opinberra hlutafélaga og heldur samráðsfundi með þeim eftir þörfum.

Lagt fyrir 3. fund þjóðaröryggisráðs 9. maí 2018.